



1. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 05.06.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna, Anna Berg og Marietta (rafrænt. Yfirgaf kl 19.40).

Sigursteinn forfallaðist.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerðin samþykkt.

2. Hvalveiðar

Málið rætt vítt og breið og skipst á skoðunum. Umræðan var heit, enda málið þess eðlis. Anna upplýsti að fagráð um velferð dýra hafi hist s.l. föstudag og mætti Rósa Líf varamaður DÍS með Önnu á fundinn. Varamaður BÍ mætti einnig með aðalmanni BÍ. Þóra dýralæknir MAST og ritari fagráðs og Edda Elísabet Magnúsdóttir hvalaatferlisfræðingur ræddu við fagráðsmeðlimi um ýmislegt, mest líffræði hvala og erfiðleika að meta þjáningu þeirra. Næsti fundur verður 12. júní og unnið er að samningu ályktunar. Nokkuð góður samhljómur er meðal fagráðsins að mati Önnu.

3. Húsnæði DÍS

Engin ný tilboð komin. Rætt um möguleika á að leigja húsnæðið eða jafnvel að selja sem fyrst. Ákveðið að tala fyrst við fasteignasalann og segja honum að við viljum skoða öll tilboð. Liselotte tók að sér að tala við hann.

4. Sumarfrí stjórnar

Reglulegum stjórnarfundum frestað fram í miðjan ágúst en ákveðið að blása til fundar fyrr ef mikið liggur við. Fréttum miðlað á milli manna á Messenger.



5. Sauðfé í Borgarfirði og hross í Arnarfirði

Ekkert virðist mjakast í málinu um sauðféð í Borgarfirði þrátt fyrir orð MAST á fundinum 22. maí sem fjórir í stjórninni áttu með yfirstjórn MAST á Selfossi. Mikilvægt að tengja lærdóminn af þessu máli við umræðuna um leyfisskyldu. Engar nýjar fréttir í máli hrossanna.

6. Blóðmerahald

i) AWF/TSB (svissnesk-þýsku dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation) sendu DÍS undirskriftarlista gegn blóðmerahaldi en búið var að samþykkja í stjórn að taka þátt í því átaki. Ákveðið að setja hann á heimasíðu DÍS, Facebook síðuna og Instagram síðuna DÍS og senda félögum netpóst (Linda gerir það).

ii) Anna upplýsti að fagrað MAST muni fjalla um bréf eftirlitsstofnunar, EFTA (ESA) til stjórnvalda um athugasemdir við blóðmeraiðnaðinn og senda ályktun, væntanlega í sumar.

8. Fundur með MAST v. úttektar DÍS á reynslu af eftirliti með velferð búfjár

Á fundinn á föstudaginn 9. júní n.k. munu 5 af 6 stjórnarmönnum mæta (allir nema Marietta) og ræða tillögur skýrslunnar *Bætt dýravelferð - staða og tillögur til úrbóta* sem DÍS gaf út í mars s.l. og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifaði. Ákveðið að leggja áherslur á tillögur 1, 2, 5 og 6 á fundinum.

9. Önnur mál

i. Grein í tímaritinu Eiðfaxa

Hrefna spurði hvort grein sem send var til hestatímaritsins Eiðfaxa verði birt í blaðinu. Linda svaraði að greinin yrði birt í næsta tölublaði.

Fundi slitið kl 20:00.

Næsti fundur áætlaður í ágúst.



2. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 21.08.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna, Anna Berg (rafrænt), Sigursteinn (rafrænt). Marietta forfallaðist.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

2. Hvalveiðar

Umræða um næstu skref. Ef veiðar verði leyfðar í september muni DÍS senda út yfirlýsingu þar sem fyrri afstaða um bann við hvalveiðum verði endurtekin. Linda mun setja upp drög að yfirlýsingu. Ákveðið að birta eftirlitsmyndbönd Matvælastofnunar með hvalveiðum árið 2022 á vefsíðu sambandsins til að vekja athygli almennings á löngu dauðastríði hvalanna. Linda athugar hvort þetta sé mögulegt.

3. Blóðmerahald

Umræða um næstu skref. Liselotte lagði til að DÍS myndi hafa samband við systurfélög í nágrannalöndum okkar vegna fyrirhugaðra breytinga á dýravelferðarlöggjöf Evrópusambandsins (ESB). Mikilvægt er að þessi samtök þrýsti á að blóðtaka úr fylfullum merum í atvinnuskyni verði bönnuð með lögum í ESB, en þessi iðnaður er almennt ekki bannaður í Evrópu. Þetta var samþykkt. Liselotte skrifar uppkast að bréfi.

4. Fundur með MAR vegna úttektar DÍS og fl.

Ákveðið var að óska eftir fundi með matvælaráðuneyti sem fyrst til að ræða tillögur úttektar DÍS um reynslu af búfjárefirliti. Stjórn DÍS átti fund með forstjóra Matvælastofnunar í vor um tillögurnar og næsta skref er að funda með ráðuneyti að ósk ráðherra. Linda mun óska eftir fundi.



5. Deyfing svína með koltvísýringsgasi

Umræður. Anna Berg upplýsti að þetta mál er komið á borð fagráðs um velferð dýra og mun ráðið fjalla um það fljótlega.

6. Önnur mál

i) Vinnufundur

Tillaga Liselotte rædd um að halda vinnudag stjórnar. Ákveðið að stefna á að halda slíkan vinnudag þann 5. október nk.

ii) Tilkypping á dýraniði frá stjórnarmeðlimi

Anna Berg vakti máls á því að hún hefði tilkynnt illa meðferð á hesti til MAST og upplifði nú það sama og þeir sem tilkynna - þ.e. engar upplýsingar um stöðu mála fást.

iii) Húsnæði DÍS

Þakgluggar í húsnæði DÍS illa farnir eftir veturinn. Linda greindi frá því að hún ætti von á smíð sem myndi kanna kostnaðinn að gera við þakgluggana.

Fundi slitið kl 20:10.

Næsti fundur ákveðinn 4. september kl 18:00.



3. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 04.09.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Sigursteinn (mætti 18:15), Marietta (mætti 18:05), Liselotte (mætti 18:35).

Anna forfallaðist.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Linda lagði til að þessu yrði frestað til næsta fundar. Samþykkt.

2. Hvalveiðar

Ákveðið að vinna áfram að því að setja upp aðgang á heimasíðu DÍS að myndskleiðum af hvaladrápunum frá s.l. sumri sem tekin voru af eftirlitsaðilum. Sigursteinn tók að sér að velja þau (c.a. 10). Linda hefur athugað möguleika að kaupa hýsingu á efninu sem verður tengt inn á heimasíðu DÍS.

3. Stefnumótun DÍS

Umræða um stefnumótun. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar þann 5. október nk og ræða frekar. Ákveðið að setja upp lista á sameiginlegu skjali yfir mál sem hvert okkar óskaði eftir að yrðu rædd á vinnufundinum. Linda setur upp skjalið.

4. Fyrirspurn til HRFÍ varðandi hundavelferð

Frestað til næsta fundar.

5. Fjárréttir

Fundarmenn sammála um að DÍS ætti að skrifa sauðfjárþæningum og hvetja þá til að huga að velferð dýra við smölun (bæði smalahesta, fullorðinna kinda og lamba) og meðhöndlun kindanna



í réttunum sjálfum. Ákveðið að ræða málið betur á næsta fundi þegar Anna Berg getur deilt reynslu sinni.

6. Slátrun búfjár

Rætt um að margar hliðar á þessu máli þurfi að skoða vel. Sigursteinn benti á að hugsanlega væri gott að ráða manneskju í einhverjar vikur til að afla gagna sem nýtist til að undirbúa faglega gagnrýni. Þetta væri þá eitt af þeim efnum sem við myndum forgangsraða þetta starfsár. Ákveðið að stjórnin taki ákvörðun um slíka forgangsröðun eftir vinnufundinn í október eða á honum.

7. Ólögleg gelding bænda á hrútum

Ákveðið að senda fyrirspurn til MAST vegna ólöglegra geldinga sauðfjárbænda á hrútum. Anna Berg setur upp bréfið.

8. Önnur mál

i) Óbreytt staða með sölu á fasteign DÍS. Ekkert viðunandi tilboð hefur borist.

Fundi slitið kl. 19:35.

Næsti fundur áætlaður þann 19. september kl 18:00 (frestað til 2. október).



4. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 02.10.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna, Sigursteinn og Marietta. Anna boðaði forföll.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Fundargerðir frá 21. ágúst og 4. september samþykktar.

2. Blóðmerahald

Í ljósi úrskurðar ESA um að blóðmerahald falli undir reglur um dýr sem eru notuð í vísindaskyni þá var ákveðið að bíða eftir álitni fagraðs MAST um hver staða málsins er. Ef blóðmerahald heldur áfram á næsta ári þá voru allir stjórnarmenn sammála um að mikilvægt væri að DÍS haldi áfram að fylgjast með starfseminni upp á dýravernd. Þáttur í Hollandi mun verða sýndur í vikunni í sjónvarpi en framleiðendur leituðu aðstoðar DÍS í sumar við að fá upplýsingar.

3. Hvalveiðar

Sigursteinn greindi frá stöðu mála. 25 langreyðar voru veiddar í haust og hafa aldrei eins fá stórhveli veiðst á einni vertíð. Vonandi verða vertíðarnar ekki fleiri.

Hugmyndir um að setja hvalina undir villidýralöggjöfina og endurskoða hana eru uppi í ráðuneytinu og voru fundarmenn sammála um að það yrði breyting til batnaðar og að DÍS myndi styðja slíka vinnu. Í því samhengi upplýsti Liselotte að á vegum ESB væri verið að skoða að færa villidýralöggjafir undir dýravelferðarlög og var samþykkt að Liselotte myndi hafa samband við dýravernarfélög á Norðurlöndum og e.t.v. Þýskaland, Bretland, Holland og Belgíu til að afla upplýsinga. Málið verður sett á dagskrá síðar.



4. Ólöglegar geldingar sauðfjárbænda á hrútum

Frestað til næsta fundar.

5. Deyfing svína með koltvísýringsgasi

Ákveðið að þetta mál verði eitt af málum/dæmum sem verða nefnd á fundinum 19. okt með matvælaráðuneyti og minna á tillögu DÍS í skýrslu frá s.l. vori um að færa ætti eftirlitið til sérstakrar stofnunar.

6. Höfðamálið

Senda fyrirspurn til MAST- hvað sé að gerast í málinu. Stjórninni hafa borist upplýsingar um að enn sé fé á vergangi og aðbúnaður sé afar slæmur. Ákveðið að leita frekari upplýsinga.

7. Fyrirspurn til HRFÍ - Hundaræktarfélag Íslands - varðandi velferð hunda.

Ákveðið að senda bréf til félagsins og spyrja um hvort og hvernig eftirliti er háttað varðandi fjölda gota á tík, skyldleikaræktun og notkun ólöglegra hundaóla á sýningum HRFÍ.

8. Önnur mál

Rætt um húsnæði félagsins. Ekkert viðunandi kautilboð hefur borist enn. Ákveðið að skoða hvort unnt sé að finna leigjendur í 6 mánuði.

Fundi lauk 20:05 eftir að minnt var á vinnufund stjórnar kl 17-21 n.k. fimmtudag 5. okt.

Næsti fundur áætlaður þann 13. nóvember kl 18:00.



5. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 13.11.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna og Anna Berg. Sigursteinn, Liselotte og Marietta boðuðu forföll.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð frá 30. sept sem var síðasti formlegi fundur stjórnar samþykkt með smávegis breytingum.

2. Áherslur stjórnar á nýju starfsári

Vísað í samþykkt frá vinnufundi stjórnar 5. okt. þar sem ákveðið var að 1) halda áfram með að þrýsta á betrubætur við búfjáreftirlitið, 2) berjast fyrir vernd hvala og 3) að vinna í að skoða velferð gæludýra - m.a. hvaða reglur gilda og hverjir eru ábyrgðaraðilar. Fylgst verður áfram með þróun hvalveiðimála og þrýst á að nýtt hvalveiðileyfi verði ekki veitt.

Tillaga frá Hrefnu um að DÍS fari að snúa sér að berjast gegn þaulaldi á Íslandi var samþykkt. Til að byrja með að kynna sér vel hvernig staðið er að málum, hvort til stendur að breyta lögum, kanna afstöðu bænda o.fl.

3. Undirskriftaherferð

Linda átti fund með Miðlun vegna fyrirhugaðrar undirskriftaherferðar og upplýsti stjórn um næstu skref.

4. Samstarfsráð Matvælastofnunar

DÍS á fulltrúa í samstarfsráði MAST. Finna þarf nýjan fulltrúa.



5. Halaklippingar á grísum

Búið er að vekja athygli á þessu máli en engin viðbrögð frá ábyrgum aðilum fengist. Ákveðið að senda bréf til MAST þar sem spurt er hver staða málsins sé hjá þeim og hvað stofnunin hyggist gera til að koma í veg fyrir dýraníð og lagabrot. Anna setur upp bréfið.

6. Ólöglegar geldingar á hrútum

Ákveðið að fylgjast með hvernig málið þróast út þetta ár.

7. Hestaleiga í Þorlákshöfn

DÍS fékk bréf þar sem upplýst var um illa meðferð dýra hjá hestaleigu í Þorlákshöfn. Fyrirtækið starfar án leyfis og ýmislegt hvað varðar aðbúnað, velferð og heilbrigðismál virðist vera í lamasessi. Tilkynnandi hafði haft samband við MAST, lögreglu, sveitarfélagið og heilbrigðiseftirlitið án þess að aðbúnaður dýranna batnaði. Óviðunandi er að opinberir aðilar bregðist ekki við. Ákveðið að hafa samband við MAST varðandi stöðu málsins, Anna setur upp bréfið.

9. Húsnæði DÍS

Umræður.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl 20:05.

Næsti fundur ákveðinn 27. nóvember kl 18:00.



6. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 11.12.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Anna Berg, Sigursteinn og Liselotte. Marietta boðaði forföll.

Hrefna ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Afgreiðslu frestað til næsta fundar í janúar.

2. Eftirlit með velferð búfjár, næstu skref.

Formaður og Anna Berg fóru á fund eftirlits- og stjórnskipunarnefndar vegna viðbragða DÍS við skýrslu Ríkisendurskoðunar um MAST. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að mörgu leyti samhljóma skýrslu DÍS frá síðastliðnu ári sem Ágúst Ólafur skrifaði og var kynnt á málþingi sambandsins og var það rætt á fundinum. Ljóst að MAST hefur ekki staðið nógu vel að eftirliti með velferð búfjár.

3. Málefni hálf villtra dýra

Umræðu frestað.

4. Mögulegt samstarf DÍS og DÝR vegna andfugla

Umræður um fóðrun andfugla á höfuðborgarsvæðinu að vetri. DÝR er skammstöfun fyrir Dýraþjónustu Reykjavíkur og er sú starfsemi hýst hjá Húsdýra- og fjölskyldugarðinum í Laugardal.

Hlutverk DÍS er fyrst og fremst að gæta almennt að hagsmunum og velferð dýra en styðja eins og unnt er þau fagfélög sem sinna þjónustu við einstakar tegundir dýra. Það er á ábyrgð sveitarfélaganna að sinna fuglavernd og bendir DÍS á að félagið Fuglavernd er rétti aðilinn til að vinna með DÝR og sjálfbóðaliðum því þeir hafi faglega þekkingu og mannafla til að leiðbeina sjálfbóðaliðum um hvernig standa skuli að fóðurgjöfum.



5. Herferðir á samfélagsmiðlum

Ákveðið að átakið til að safna félögum og styrktaraðilum sem samþykkt hefur verið að Miðlun annist hefjist í mars eða á öðrum tíma sem sérfræðingar Miðlunarmæla með.

6. Fjármál og styrkir

Brýnt er að ráða starfsmann sem fyrst, um leið og fjárhagur leyfir. Rætt var um mögulegar styrkumsóknir til að brúa bilið þar til fjáröflun hefur skilað sér sem og fyrirhuguð sala og/eða langtímaleiga á húsnæði DÍS.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið veitir verkefna- og rekstrarstyrki og unnt er að sækja beint um stuðning til matvælaráðherra í MAR samkvæmt upplýsingum á netinu.

Undir þessum lið spurði Liselotte um fjárhagsstöðu félagsins og upplýsti formaður um inneign sjóða.

7. Ólögleg dráp á friðuðum fuglum

Umræðu frestað.

8. Erlend samtök óska eftir samstarfi

Erlend samtök óska eftir samstarfi er varðar velferð fiska. Samþykkt að taka ekki þátt í þessu á meðan ekki er unnt að ráða starfsmann. Þeim verður bent á tvönn samtök hér á landi sem eru að berjast gegn sjókvíældi.

9. Tölvupóstur til félaga

Ákveðið að senda félögum jólakveðju og í leiðinni upplýsingabréf um starfsemi félagsins í sumar og haust. Formaður mun gera uppkast og senda hinum í stjórninni. Um er að ræða umsagnir um frumvörp, áskoranir til MAST, upplýsingar um dýravelferðamál sem DÍS hefur vakið athygli á á samfélagsmiðlum, fundir með MAR og MAST o.fl. Anna Berg mun segja fréttir af starfi fagráðs.



10. Önnur mál

i) Tvö tilboð bárust nýverið í húsnæði DÍS á Grensásvegi en þau dregin til baka. Áfram unnið að sölu húsnæðisins.

ii) Tillaga um að Anna Berg taki Höfðamálið upp í fagraði. Þar er um alvarlegt dýravelferðarmál að ræða (slæm meðferð á kindum) sem ekki hefur verið brugðist við þrátt fyrir fjölda ábendinga. Anna stefnir að því.

Fundi lauk 20.05.

Næsti fundur ákveðinn 8. janúar 2024 kl 18:00.



7. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 08.01.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Grensásvegur 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda, Hrefna, Sigursteinn og Anna Berg (rafrænt). Liselotte og Marietta boðuðu forföll.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Frestað.

2. Hvalveiðar

Umræður um álit umboðsmanns Alþingis um frestun hvalveiða í sumar, þar sem kemur fram að skort hafi lagaheimild til að fresta veiðitímabili á langreyðum. Stjórnvöld þurfa að endurskoða löggjöf um dýravelferð hið fyrsta. Ákveðið að sambandið sendi frá sér yfirlýsingu.

3. Eftirlit með velferð búfjár, næstu skref

Ákveðið að halda ráðstefnu með vorinu og fjalla um stöðu dýravelferðar, löggjöf og eftirlit. Það ríkir neyðarástand í málafloknum sbr. niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit MAST með velferð búfjár og skýrslu sambandsins frá 2022. Rætt aftur á næsta fundi.

4. Málið að Höfða í Þverárhlíð

DÍS hefur átt þó nokkur samskipti við MAST vegna sauðfjár að Höfða í Þverárhlíð, enn eru dýrin þar vanhirt og sauðfé enn á útigangi í mörgum reifum. Hvorki sveitarfélagið né MAST bregst við eins og á að vera. Umræður um næstu skref. Anna Berg tekur að sér að ræða við lögmann.



5. Samstarfsráð MAST

Ákveðið að tilnefna formann sem fulltrúa DÍS í ráðinu.

6. Bluebird Nordic: transport of macaques for labs

Erlent dýravelferðarfélag setti sig í samband við DÍS og upplýsti um flutninga íslensks flugfélags, Bluebird, á apaköttum sem eru fluttir með flugfélaginu af aðilum sem eru að selja dýrin á rannsóknarstofur í dýratilraunir. Ákveðið að fá frekari upplýsingar og hafa í kjölfarið samband við matvælaráðuneytið vegna málsins.

7. Öflun dýraverndara og styrkjamál

Umræða um öflun bakhjarla DÍS. Ákveðið að fara af stað með herferð á samfélagsmiðlum hið fyrsta.

8. Önnur mál

i. Brunavarnir í útihúsum

Fagráð um velferð dýra hefur hafið umræðu um þetta málefni, en þrír alvarlegir brunar urðu í útihúsum fyrravetur þar sem dýr brunnu inni.

Fundi slitið kl 19:50.

Næsti fundur áætlaður þann 22. janúar kl 18:00.



8. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 22.01.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Sigursteinn og Anna Berg. Liselotte og Marietta boðuðu forföll.

Sigursteinn ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fundur með MAST vegna vörslusviptinga á dýrum

Anna Berg og Linda funda með MAST fimmtudaginn 25. jan. Samþykkt að DÍS geri tillögur til MAST um bætt fyrirkomulag og árétti lögbundið hlutverk MAST.

3. Hvalveiðar

Farið yfir stöðuna í ljósi veikinda matvælaráðherra.

4. Ráðstefna um eftirlit með dýravelferð og afmælishátíð DÍS

Rætt um þá hugmynd að tengja saman 110 ára afmæli DÍS og ráðstefnu. Hvað verður ræðst af fjárhagsstöðu næstu mánaða.

5. Undirskriftaherferð DÍS

Samþykkt að Anna Berg geri tillögu að texta til TAKK/Miðlun og að herferðinni verði hrint af stað án frekari tafa.



6. Merki félagsins

Samþykkt að skipa sérstaka fagnefnd til að velja 3-4 merki frá tveimur hönnuðum sem aðalfundur kjósi svo um.

7. Málið að Höfða í Þverárhlíð

Málið er til skoðunar og samband verið haft við MAST.

8. Önnur mál

Anna Berg upplýsti stjórn um það sem er á döfinni hjá fagraði um velferð dýra.

Fundi slitið 19:30.

Næsti fundur áætlaður 5. febrúar kl 18:00 (frestað til 19. febrúar).



9. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 19.02.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Liselotte og Anna Berg. Sigursteinn og Marietta forfölluðust.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Húsnæði DÍS

Mjög kostnaðarsamt fyrir sambandið að reka húsnæðið á Grensásvegi 8, hefur verið á sölu í rúmt ár og ekki tekist að selja. Ákveðið að leigja húsnæðið tímabundið en hafa það til sölu áfram. Liselotte hefur samband við fasteignasala varðandi næstu skref.

3. Frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (eftirlit)

Ráðherra hefur unnið að frumvarpi til breytinga á lögum um velferð dýra er varðar eftirlit með dýravelferð. Ákveðið að senda inn tillögur áður en frumvarpið fer í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda. Ákveðið að senda fyrirspurn á matvælaráðuneyti og Matvælastofnun varðandi tillögur þeirra að lagabreytingum. Linda sendir fyrirspurn og setur upp skjal til að vinna tillögur áfram.

4. Tillaga frá fundi með MAST vegna vörslusviptinga á dýrum

Umræður. Frestað til næsta fundar að taka ákvörðun.

5. Önnur mál

i) Skýrsla um blóðhag fylfullra hryssna

Nýverið kom út skýrsla sem matvælaráðuneyti lét vinna um blóðhag fylfullra hryssna sem notaðar eru í blóðtöku. Skýrslan er aðeins gefin út á íslensku. Samtök um dýravelferð hafa óskað eftir að skýrslan verði einnig gefin út á ensku og hvöttu DÍS að óska eftir þessu við ráðuneytið. Það var samþykkt.



Fundi slitið kl 19:20.

Næsti fundur áætlaður þann 4. mars kl 18:00.



10. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 04.03.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Anna Berg, Sigursteinn. Liselotte (dagskrárliður 4-5). Marietta forfallast.

Sigursteinn ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Hvalveiðar

Sigursteinn rakti stöðu mála. Ljóst er að með lagatúlkun Umboðsmanns Alþingis verður erfitt fyrir ráðherra að gefa ekki út veiðileyfi í sumar.

3. Tillaga frá fundi með MAST vegna vörslusviptinga á dýrum

Anna Berg og Linda lýstu fundi þeirra með MAST þar sem MAST óskaði liðsinnis DÍS við að finna aðila vitta og breytt um landið til að sinna vörslusviptingu á dýrum. DÍS mun enga ábyrgð bera á verkefninu né þeim aðilum sem hugsanlega koma til starfa eftir ábendingar frá DÍS. Samþykkt að DÍS komi að þessu og að Anna Berg sinni því einkum af hálfu DÍS.

4. Frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (eftirlit)

Ákveðið að stjórnin komi að einhverju marki öll að því að setja saman álitid og sníða það til. Nokkur umræða spannst um þá tillögu í frumvarpinu að leggja niður fagrað um velferð dýra en DÍS leggst gegn því.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 19:30.

Næsti fundur áætlaður þann 18. mars kl 18:00.



11. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 18.03.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Anna Berg, Sigursteinn og Liselotte. Marietta forfallast.

Sigursteinn ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Aðalfundur DÍS

Ákveðið að halda aðalfund DÍS þann 16. maí klukkan 17:00. Staðsetning ákveðin síðar.

3. Fjármál sambandsins

Við grófa yfirferð lítur út fyrir samtals um kr 700.000- rekstrartap á síðasta ári en þá á eftir að reikna með vaxtatekjum af hinum ýmsu sjóðum félagsins sem gert er ráð fyrir að vegi tapið að miklu leyti upp. Linda og Liselotte munu fara nánar yfir fjármálin í aðdraganda aðalfundar og leita að bókkara/endurskoðanda til að ganga frá reikningum.

4. Velferð gæludýra

Frestað.

5. Ráðstefna um eftirlit með dýravelferð og afmælishátíð DÍS

Ákveðið að halda ráðstefnu eða málþing með haustinu til að fylgja frekar eftir ítarlegri skýrslu og stefnumótun sambandsins varðandi eftirlit með dýravelferð. Einnig, og mögulega, aðskilið verði málþing um dýr í búrum og þröngum, hamlandi aðstæðum. Þetta verði huti af afmælishátíð DÍS þannig að saman fari baráttumál og afmælisfögnuður.



6. Viðbragðsleysi lögreglu í máli hunds í bíl

Linda rekur umkvörtunarefnið. Hér virðist um að ræða enn eitt dæmið um skort á aðgerðum lögreglu þegar brot á lögum um dýravelferð eru annars vegar. Ákveðið að formaður óski eftir fundi með ríkislögreglustjóra þar sem staðan verði rædd, dæmum lýst og óskað eftir betrubótum.

7. Handsömun minka þar sem gildra er vitjað á mánaðarfresti

Linda lýsir því að í ljós sé komið að meindýraeyðir sé með 15 gildirur á Seltjarnarnesi í því skyni að handsama minka. Þeirra sé ekki vitjað nema á u.þ.b. mánaðarfresti. Ákveðið að vekja athygli MAST á málinu og óska tafarlausra viðbragða.

8. Önnur mál

Linda tekur upp málefni sem snýr að ólöglegum búnaði við dýrahald og þjálfun. Ákveðið að taka til skoðunar hvort þetta málefni eigi heima á afmælisráðstefnu DÍS í haust og safna um það frekari upplýsingum.

Liselotte vekur athygli stjórnar á því að stjórnsýslulega og formlega var það MAST sem fól fagraði um velferð dýra að koma með álit um hvalveiðar vorið 2023. Sbr. álit umboðsmanns Alþingis varðandi hvalveiðar skv lög um velferð dýra.

Fundi slitið klukkan 20:00.

Næsti fundur áætlaður þann 15. apríl kl 18:00.



12. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 15.04.2024 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Hrefna, Anna Berg, Sigursteinn og Liselotte. Marietta forfallast.

Sigursteinn ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Aðalfundur DÍS

Ákveðið að halda aðalfundinn fimmtudaginn 16. maí nk. kl 17:00-19:00 í Herkastalanum Suðurlandsbraut 72.

3. Málefni Höfða í Þverárhlíð

Formaður beitir sér í málinu gagnvart MAST f.h. DÍS.

4. Fyrirspurn til UST vegna mögulegra ólöglegra drápa á friðuðum fuglum

Ákveðið að senda kvörtun til Umboðsmanns Alþingis vegna ábendinga um möguleg brot á dýravelferðarlögum. Sömuleiðis verði send fyrirspurn til Umhverfisstofnunar.

5. Undirskriftasöfnun DÍS, næstu skref

Undirskriftarsöfnun DÍS gekk vonum framár. Alls söfnuðust um 3.600 undirskriftir. Þakkarbréf verða send út til viðkomandi.

6. Málefni kanína sem er sleppt út í náttúruna

Samþykkt að visa málinu til nýrrar stjórnar DÍS.

7. Hvatning til Landssambands hestamannafélaga (LH)

Samþykkt að senda mótshöldurum hvatningu um að gæta að hávaðamengun á mótstað og að vísa til rannsókna um þetta atriði. Erindi sömuleiðis sent dómaranefnd LH.



8. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið klukkan 20:00.

Næsti fundur áætlaður þann 13. maí kl 18:00.



13. stjórnarfundur DÍS 2023-2024

Dagsetning: 13.05.2024 kl 18:00

Staðsetning: Rafrænn fundur

Mættir: Linda, Hrefna, Liselotte og Anna Berg. Sigursteinn mætir kl.19:00. Liselotte fer af fundi 19:10. Marietta forfallast.

Linda ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

2. Höfði í Þverárhlið

Umræða um viðhorf MAST í málinu, meta dýrin ekki í neyð. Viðtal við yfirdýralækni í hádegisfréttum sláandi, segir ástandið á bænum ekki eins alvarlegt og talið sé. Þarna er ekki farið að lögum, dýrin eru mörg veik og í miklum vanhöldum. Ákveðið að leggja fram ályktunartillögu á komandi aðalfundi. Anna Berg hefur leyfi stjórnar að fara með drögin á fund hjá fagraði á miðvikudag þar sem fjallað verður um málið.

3. Ársreikningar 2023

Yfirferð draga að ársreikningum.

4. Dánir hvolpar sem fundust í Mosfellsbæ

Frestað.

5. Aðalfundur DÍS

Umræða og undirbúningur aðalfundar.

6. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið 19:25.